

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 69/2009****2009/EES/47/15****frá 29. maí 2009****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2009 frá 24. apríl 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 <sup>(2)</sup>.
- 3) Hnattstaða Íslands og strjálbýli landsins, ásamt því hvernig háttað er samsetningu flugflotans sem notaður er í innanlandsflugi þar, gera það að verkum að ekki er unnt að láta ákvæði reglugerðar (EB) nr. 300/2008 gilda um innanlandsflug á íslensku yfirráðasvæði. Öryggisráðstafanir, sem eru viðhafðar í innanlandsflugi á Íslandi samkvæmt landsreglum, veita fullnægjandi vernd.
- 4) Með hliðsjón af sérstöðu Liechtensteins, sem er fólgin í afar litlu landrymi og sérstökum landsháttum, svo og þeirri staðreynd að heildarflugumferð í Liechtenstein er mjög lítil, að ekkert reglulegt millilandaflug er í boði frá landinu og að þar er ekki önnur aðstaða til almenningssflugs en einn þyrluvöllur, ber ekki að láta ákvæði þessarar reglugerðar gilda um aðstöðu til almenningssflugs sem nú er fyrir hendi á yfirráðasvæði Liechtensteins.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 fellur úr gildi reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) hljóði svo:  
„**32008 R 0300**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72).  
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:  
a) Ákvæði 7. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-rikin.  
b) Þegar Bandalagið gengur á grundvelli 20. gr. til viðræðna við þriðja land um samning til eflingar markmiðinu um að eingöngu þurfi að framkvæma flugverndarráðstafanir einu sinni („one-stop security“) skal lagt kapp á að afla EFTA-ríkjunum tilboðs um hliðstæðan samning við hlutað-eigandi land. EFTA-rikin skulu á móti leitast við að gera samninga við þriðju lönd sem samsvara þeim sem Bandalagið hefur gert.  
c) Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu ekki gilda um innanlandsflug milli flugvalla á íslensku yfirráðasvæði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

- d) Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ekki gilda um aðstöðu til almenningsflugs sem nú er fyrir hendi á yfirráðasvæði Liechtensteins.“

2. Brott falli allur texti 8. viðbætis.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 300/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.